

Fjallabyggð
Bt Írisi Stefánsdóttur
Gránugötu 24
580 Siglufirði
fjallabyggd@fjallabyggd.is

Dags. 23. nóvember 2023
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2023-0242

Með erindi dags. 19. október sl. óskaði Fjallabyggð eftir umsögn Veðurstofu Íslands um deiliskipulag suðurbæjar Siglufjarðar.

Umsögn Veðurstofu Íslands er sem hér segir:

Stór hluti svæðisins sem verið er að skipuleggja var á C-svæði vegna ofanflóðahættu áður en Strengsgilsgarður var reistur. Í reglugerð 505/2000 með síðari breytingum, um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða, segir í 24. grein:

„Varnir gegn ofanflóðum eru eingöngu reistar til þess að auka öryggi fólks á svæðum sem eru í byggð. Ef kröfum skv. 11. gr. er ekki fullnægt án sérstakra varnavirkja gegn ofanflóðum er óheimilt að skipuleggja ný áður óbyggð svæði fyrir íbúðabyggð, frístundabyggð eða atvinnustarfsemi.“

Auk þess að taka fyrir skipulag á óbyggðum svæðum hefur Veðurstofan litið þannig á að ekki ætti að skipuleggja nýjar byggingar á byggðum svæðum þannig að nýbyggingar séu stór hluti af byggingamagni á viðkomandi svæði. Heldur sé einungis heimilt að þetta byggð með því að byggja á stökum lausum lóðum. Í deiliskipulagstillögunni er verið að tvöfalda byggingarmagn við Suðurgötu undir Strengsgilsgarði og er það álit Veðurstofunnar að það samræmist ekki ákvæðum og markmiðum reglugerðarinnar.

Nýjar lóðir nr. 64 og 67 við Háveg færa byggðina nær varnargarðinum en nú er. Almennt hefur ekki verið talið heppilegt að byggja nær varnargörðum en fyrirliggjandi byggð nær heldur líta á það sem áður óbyggt svæði. Og var bent á það í bréfi til sveitarfélagsins sem dagsett er 1. október 2020.

Veðurstofan leggur því til að ekki verði byggt á lóðum nr. 79, 81, 83, 85, 87, 89, 93 og 95 við Suðurgötu og ekki á lóðum nr. 64 og 67 við Háveg. Og haga þannig skipulagi í samræmi við ákvæði fyrrnefndrar reglugerðar og laga nr. 49/1995, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum en í 10. gr. laganna segir:

„Sveitarstjórn gerir tillögu til ofanflóðanefndar að varnavirkjum fyrir hættusvæði sem þegar hafa verið byggð samkvæmt aðalskipulagi. Eftir að viðurkennd varnavirki hafa verið reist er heimilt að meta af þærum aðilum hvort til greina komi að þetta byggð á viðkomandi svæði og þá með hvaða skilyrðum.“

Og í reglugerðinni segir í 23. gr.:

„Þrátt fyrir að varnir séu hannaðar og reistar með það í huga að öryggi fólks neðan þeirra sé ásættanlegt ber sveitarstjórn að leitast við að stýra skipulagsgerð og þróun byggðar með tilliti til ofanflóðahættu.“

Virðingarfyllt,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði